

Aðilar hittast

Viðræður

Á síðustu vikum hafa samningsmarkmið FG vegna komandi kjarasamninga verið kynnt. Kynningar fórum fram um allt land; í Reykjavík, Garðabæ, Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesi, Selfossi, Hellu, Höfn í Hornafirði, Breiðdalsvík, Reyðarfirði, Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði, Grundarfirði, Sauðárkróki og Borgarnesi. Eftir að kynningum lauk fór samninganefnd yfir helstu athugasemdir og gerði þær breytingar sem hún taldi nauðsynlegar.

Viðræðuáætlun

Launanevnd sveitarfélaga, FG og SÍ hafa gert viðræðuáætlun. Þar kemur m.a. fram hvernig viðræðum skuli háttað og hvar þær fari fram. Í kjölfarið hafa aðilar hist og samningsins.

skipst á upplýsingum og haldið áfram með gagnavinnslu.

Samningsmarkmið

Aðilar hafa kynnt hverjir öðrum samningsmarkmið sín.

Helstu markmið FG í komandi viðræðum eru að:

Grunnlaun grunnskólakennara verði við gildistöku samnings að lágmarki jöfn grunnlaunum annarra háskólamenntaðra stétta. Aðalviðmiðunarstétt grunnskólakennara er framhaldsskólakennarar.

Semja til stutts tíma, hámark eins árs.

Hreyfa ekki við vinnutímaákvæðum kjarasamningsins.

Ná sátt um framkvæmd einstakra þátta í kjarasamningnum.

Aðilar verði sammála um að á samningstímanum verði unnið áfram að sameiginlegri sýn aðila í skólamállum og frekari greiningu á kjarasamningi aðila sbr. samkomulag frá mars 2007.

Í kjölfar þess að LN og FG lögðu fram markmið sín hafa aðilar orðið ásáttir um sameignleg samningsmarkmið í komandi viðræðum.

Ljóst er að á næstu vikum verða margir fundir haldnir og stefnt er að því að ljúka vinnunni sem fyrst.

Aðalfundur FG 2008

Aðalfundur Félags grunnskólakennara var haldinn á Grand Hótel í Reykjavík 13. - 14. mars. 110 fulltrúar alls staðar að af landinu komu til fundarins. Eins og venja er var flutt skýrsla stjórnar, reikningar síðustu ára voru bornir upp til samþykktar, nefndarstörf fóru fram og kosið var til trúnaðarembættis fyrir félagið. Að auki var kjara- og skólamálastefna fyrir félagið til næstu þriggja ára samþykkt. Margar ályktanir voru bornar upp og samþykktar.

Ný stjórn var kjörin og hefur hún hist og skipt með sér verkum:

Ólafur Loftsson formaður	Kennarahúsinu
Þórður Á. Hjaltsted varaformaður	Kennarahúsinu
Inga María Friðriksdóttir gjaldkeri	Rimaskóla
Guðbjörg Ragnarsdóttir ritari	Flataskóla
Jóhannes Þór Skúlason meðstjórnandi	Seljaskóla

Í varastjórn voru kjörin:

Ólafur E. Lárusson	Grsk. Vestmannaeyja
Guðmundur Bj. Gylfason	Vallaskóla
Hildur J. Agnarsdóttir	Hallormsstaðaskóla
Sigurður Halldór Jesson	Vallaskóla
Margrét Guðbrandsdóttir	Setbergsskóla

Í stjórn Kennarasambands Íslands voru kjörinir:

Þórður Á. Hjaltsted	Kennarahúsinu
Valgeir Gestsson	Grandaskóla

Punktastýrð úthlutun

Á Orlofsvefnum <https://secure.ki.is/orlofsvefur/> hefur Orlofsvefurinn verið stilltur þannig að einungis þeir sem eiga tilskilinn fjölda orlofspunkta komast inn á orlofstímabilið (júní - júlí - ágúst) til að bóka á eftirfarandi dagsetningum.

Bókanir í vikuleigu hefjast 15. mars kl. 12.00.

15. mars 500-528 orlofspunktar
22. mars 400-499 orlofspunktar
29. mars 300-399 orlofspunktar
5. apríl 200-299 orlofspunktar
12. apríl 100-199 orlofspunktar
19. apríl allir bóka

Flakkarinn og lausar vikur verða settar í sölu á Orlofsvefnum í bókanir/laust þann 1. maí kl. 12.00

Í samninganefnd voru kjörin:

Örn Arnarson	Heiðarskóla
Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir	Grsk. í Þorlákshöfn
Sigurjón Magnússon	Glerárskóla
Rannveig B. Þorkelsdóttir	Háteigsskóla
Hreiðar Oddsson	Digranesskóla

Í skólamálanefnd voru kjörin:

Brynja Á. Sigurðardóttir	Digranesskóla
Guðbjörg Íris Atladóttir	Rimaskóla
Kristinn Svavarsson	Lindaskóla
Ólafur Örn Pálmarsson	Laugalækjarskóla
Svava Þ. Hjaltalín	Giljaskóla
Þórunn Sif Böðvarsdóttir	Árbæjarskóla

Í uppstillingarnefnd:

Guðbjörg Íris Atladóttir	Rimaskóla
Rósa Ingvarsdóttir	Rimaskóla
Valgarður Reynisson	Snælandsskóla

Í stjórn Vonarsjóðs:

Bergþóra Þorsteinsdóttir	Háteigsskóla
Rósa Ingvarsdóttir	Rimaskóla

Skoðunarmenn reikninga:

Einar Örn Daníelsson	Lækjarskóla
Hákon Sverrisson	Snælandsskóla

Hótelmiðar

Mikið framboð er af hótelmiðum og haldið verður áfram sölu á hótelmiðum á Hótel Eddu og Fosshótelum. Hótelmiðarnir eru niðurgreiddir af Orlofsjóði. Verð miðanna verður það sama og í fyrra. Alls verða 26 hótél í boði í sumar.

www.fgk.is